

Fundargerð öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 28. apríl 2020 á Hangouts kl. 17.30

Mætt Aðalheiður Ósk Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Símonarson, Elsa Kristín Sigurðardóttir
Forföll boðuðu Erla Sigurðardóttir og Páll Pálsson

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerðin var send út á Facebook 8. mars og hafa ekki borist athugasemdir. Fundarmenn voru sammála að eðlilegt væri því að líta á að hún væri samþykkt.

2. Keppnishald og Covid-19

Málið rætt almennt. Aðalbjörg upplýsti að stjórn að AKÍS sé í sambandi við ÍSÍ og Almannavarnir um mögulegt keppnishald og ekki sé mögulegt að það fari af stað fyrr en í fyrsta lagi í byrjun júní. Fundarmenn voru sammála að eðlilegt sé að nefndin sendi frá sér almenn áhersluatriði sem lúta að keppnishaldi sérstaklega.

Elsa mun setja niður punkta og senda á nefndina til skoðunar og umsagnar áður en verða sendir á stjórn og aðildarfélög.

3. Kynning á nefndinni

Til stóð að halda ársþing AKÍS í mars, skömmu eftir stofnun öryggisnefndarinnar, og þar átti að koma því á framfæri að hún hefði verið stofnuð. Þinginu var síðan frestað og samkvæmt nýlegri fyrirspurn til formanns AKÍS hefur stofnun nefndarinnar ekki enn verið kynnt fyrir aðildarfélögum en mögulega verður það gert á næstunni með sérstöku bréfi.

4. Sniðmát að öryggisáætlun fyrir keppnir

Talsvert rætt um hvernig við nálgumst þetta þannig allt komist að sem þarf og hvernig öryggisáætlun verður notuð í keppnishaldinu.

Ákveðið að safna saman punktum í miðlægt skjal og vinna í rólegheitum í sumar og haust, jafnvel reyna að vinna í einhværtíma saman til að komast lengra áleiðis.

Elsa og e.t.v. aðrir munu athuga hvort til séu sniðmát að öryggisáætlunum sem gætu nýst í þessari vinnu.

5. Fræðsla til keppenda um öryggismál og notkun öryggisbúnaðar

Rætt fram og til baka hvernig best er að koma á framfæri í hinum ýmsu greinum en ljóst að þarfir og aðstæður eru mismunandi. Skoðum aðeins áfram hvar og hvernig hentar að nota.

6. Önnur mál

a) Vinna nefndarinnar næstu mánuðina

Talsvert var rætt um að mikilvægt sé að hvorki keppnishaldarar né keppendur líti á öryggisnefndina sem ógn. Því þurfum við að fara rólega af stað, hlusta, horfa og skynja stemminguna. Niðurstaðan var að í því gæti verið skynsamlegt að eiga formleg samtöl við keppnishaldara og keppnisráð og spryra beint hvað við getum gert fyrir þessa aðila og eins að reyna að nálgast keppendur sem mest og spryra þá að því sama.

b) Aðsent efni til nefndarinnar

Farið er að berast efni til formanns nefndarinnar frá FIA gegnum skrifstofu AKÍS.

Fundarmenn sammála um að eðlilegt sé að senda slík efni á alla nefndarmenn.

c) Ákveðið að stefna að næsta fundi flótlega eftir auglýst ársþing AKÍS, stefnum á 20. – 25. maí.

Fundi lauk kl. 18.35

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson